

FUNDARGERÐ

162. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Skrifstofa Mýrdalshrepps.

Fundartími: Þriðjudagur 20. október 2009 kl. 16:00.

Mættir: Undirritaðir aðalmenn og varamaður fræðslunefndar.

Ritari fundarins: Inger Schiöth

Formaður, Þorgerður Einarsdóttir setti fund og stjórnáði.

Gerðir fundarins:

Á fundinn er mættur Magnús Sæmundsson skólastjóri.

I. Leikskólinn:

Á fundinn eru mættar Halla Ólafsdóttir deildarstjóri og Victoria Jonsson fulltrúi foreldra.

1. Starfsmanna- og vistunarmál.

Magnús upplýsti að leikskólinn væri nú fullmannaður. Vegna aukinnar þarfar á sérkennslu hefur verið bætt veið einu stöðugildi. Staðan verður endurmetin í desember.

Frá og með næstu mánaðarmótum eru vistunarrými fullnýtt þ.e. á leikskólanum verða þá 30 börn.

2. Önnur mál.

Þátttaka í „Sjálfsmat Suður-Víkur október 2009“ var mjög góð og verður unnið úr gögnum og þau birt stjórnendum og foreldrum.

Halla og Victoria yfirgefa fundinn.

II. Tónskólinn.

Á fundinn er mættur Kristinn J. Níelsson deildarstjóri.

1. Önnur mál.

Kristinn sagði frá fréttabréfi októbermánaðar sem er nú sýnilegt á heimasíðu Mýrdalshrepps. Jólatónleikar eru laugardaginn 5. desember n.k. og Lúsíutónar 13. desember n.k.

Nemendur tónskólans tóku þátt í Menningarhátíðinni Regnboganum.

Kristinn hefur verið að aðstoða nemendur tónskólans við undirbúning fyrir undankeppni Samsuð (söngkeppni félagsmiðstöðvanna).

Kristinn yfirgefur fundinn.

III. Grunnskólinn.

Á fundinn eru mættar Anna Björnsdóttir deildarstjóri grunnskólans og Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir fulltrúi kennara. Fulltrúi foreldra boðaði ekki forföll.

1. Starfsmannamál.

Magnús rakti starfsmannamál og upplýsti m.a. að Sæmunda Fjeldsted væri komin til starfa hjá grunnskólanum.

Einn starfsmaður er í veikindaleyfi en að öðru leyti er skólinn fullmannaður.

2. Sjálfsmat skóla.

Magnús upplýsti um „Sjálfsmat - foreldrakönnun“ sem gert var í tengslum við foreldraviðtöl. Unnið verður úr gögnum á allra næstu dögum og niðurstöður verða kynntar stjórnendum og foreldrum.

Sjálfsmat verður lagt fyrir alla þ.e. nemendur og starfsfólk á skólaárinu.

3. Skólanámsskrá, almennur hluti.

Lagt fram.

Fræðslunefnd samþykkir skólanámsskrá, almennan hluta, fyrir sitt leyti.

4. Önnur mál.

Fyrir liggur nafnasamkeppni um sameinaðan tón- leik- og grunnskóla Mýrdalshrepps.

Fræðslunefnd felur skólastjóra og deildarstjórum að velja þrjár tillögur og leggja fyrir næsta fund fræðslunefndar.

Sveinn upplýsti að byrjað verði á endurbótum á þaki grunnskólans í næstu viku.

IV. Almenn

1. Menntastefna Mýrdalshrepps

Vinnuhópur var skipaður á vordögum og formaður fræðslunefndar boðar til fundar.

Vinnuhópurinn skilar inn tímasettri framkvæmdaáætlun og skilar til fræðslunefndar.

Anna og Kolbrún Ósk yfirgefa fundinn.

Fundi slitið kl.18:05

Inger Schiöth	Þorgerður Einarsdóttir Formaður	Andrína G. Erlingsdóttir
Sveinn Pálsson		Lára Oddsteinsdóttir